

Dalagisting ehf.

Aðalfundur 2023

Aðalfundur Dalagistingar ehf. haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal föstudaginn 16. júní 2023 kl. 13:00.

Á fundinn voru boðaðir fulltrúar hluthafa.

Hluthafar eru Dalabyggð (72,69%), Búnaðarfélag Hvammsfjarðar (7,75%), Flugleiðahótel ehf. (7,57%), Búnaðarfélag Miðdala (6,64%), Búnaðarfélag Laxárdals (3,32%), og Búnaðarfélag Hörðudals (2,03%).

Mætt eru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason (fulltrúi Dalabyggðar), Guðmundur Gunnarsson (fulltrúi Búnaðarfélaganna), Garðar Freyr Vilhjálmsson og Guðlaug Kristinsdóttir.

Einnig sat sveitarstjóri Dalabyggðar fundinn og ritaði fundargerð.

Samkvæmt samþykktum (14.gr.) er dagskrá aðalfundar eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu ári.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu. Fasteignir félagsins voru í útleigu sumarið 2022 og þann 1. október tóku kaupleiguhafar við fasteignum að Laugum.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.

Stjórn félagsins samþykkti ársreikning fyrir árið 2022 á fundi sínum 30.mái sl. og vísaði honum til aðalfundar.

Rekstrartekjur námu 4,8 millj.kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 500 þús.kr. á milli ára.

Rekstrargjöld félagsins námu 7,7 millj.kr. á árinu og er því tap á rekstri félagsins upp á 4,2 millj.kr.

Skuldir og eigið fé var samtals kr. 51.770.124,-, var 58.097.619,- árið 2021. Handbært fé nam kr. 330.453,- og lækkaði um kr. 3.989.788,- á milli ára.

Ársreikningur staðfestur.

3. Kjör stjórnar og endurskoðenda.

Samþykkt tillaga um að í stjórn félagsins verði:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Guðmundur Gunnarsson

Guðlaug Kristinsdóttir

Garðar Freyr Vilhjálmsson

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Hlutverkaskipan stjórnar verði óbreytt frá fyrra ári, Eyjólfur verði formaður stjórnar.

Í varastjórn:

Fyrsti varamaður verði Ingibjörg Þórunn Steinudóttir og Sigursteinn Hjartarson annar varamaður.

Varðandi endurskoðendur þá var samþykkt, líkt og sl. ár, að kjósa ekki endurskoðendur fyrir félagið en í stað þess að kjósa skoðunarmenn reikninga, tvo aðalmenn og tvo til vara.

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Skúli Hreinn Guðbjartsson og Einar Jón Geirsson, til vara Jóhanna María Sigmundsdóttir og Jón Egill Jónsson.

Samþykkt.

EIB
AC
GIR
GIR

4. **Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.**
Tillaga um að ekki verði greiddur út arður.
Tillagan samþykkt.
5. **Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.**
Tillaga lögð fram um að þóknun stjórnarmanna verði kr. 5.000,- fyrir hvern setinn fund í fjarfundi og kr. 15.000,- fyrir staðfund. Framkvæmdastjóri þiggi ekki laun skv. tillögu hans sjálfs.
Samþykkt.
6. **Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.**
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20

Fundargerð ritaði Björn Bjarki Þorsteinsson

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Garðar Freyr Vilhjálmsson
Garðar Freyr Vilhjálmsson

Guðmundur Gunnarsson
Guðmundur Gunnarsson

Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir

Björn Bjarki Þorsteinsson